

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Hornafirði, 20. desember 2018
nr. erindis 201810030 BB

Málefni: Framlenging á úthlutun frá fiskveiðiárinu 2017-2018

Föstudaginn 21. desember kom bæjarráð Sveitarfélagsins Hornafjarðar saman til fundar og bókaði eftirfarandi vegna kvóta sem ekki var nýttur á fiskveiðiárinu 2017-2018.

„Bæjarráð Sveitarfélagsins Hornafjarðar óskar eftir að sérstök skilyrði fyrir úthlutun aflamarks innan einstakrar byggðarlaga skv. 2. gr. reglugerðar um úthlutun til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2018/2019, verði veitt fyrir þann byggðarkvóta sem ekki veiddist á fyrra fiskveiðitímabili árin 2017/2018.“


1.m.gr. 4. gr, verði þannig að, skipting þess aflamarks byggðarlagsins ... sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðarkvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal skipt hlutfallslega af því aflamarki sem fallið hefur til viðkomandi byggðarlags, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið innan viðkomandi byggðarlags á tímabilinu 1. september 2017 til 31. ágúst 2018.

Rökstuðningur:

Byggðarkvóta er útteilt fyrst og fremst til að efla byggð og er æskilegt að hann skapi fjölbreytt og sem flest störf innan sveitarfélagsins. Sýnt hefur að þörf er fyrir góðu aðgengi íbúa og fyrirtæki að ferskum sjávarafurðum í ljósi þess að íbúafjöldi margfaldast með stóráuknum ferðamannastraumi.

Myndi slík ráðstöfun sannarlega hámarka þann samfélagslega ábata sem getur falist í áður nefndum byggðarkvóta.

Virðingarfyllst


Matthildur Ásmundardóttir
bæjarstjóri

Sveitarfélagsins Hornafjarðar

